

Fundur haldinn í stjórn Dvalarheimilisins Jaðars mánudaginn 24.03. ²⁰²⁵~~2024~~, kl. 13.00 í húsnæði Jaðars Hjarðartúni 3a, Ólafsvík.

Mættir: Björn Arnaldsson formaður,
Helga Valdís Guðjónsdóttir
Hallgrímur Árni Ottósson
Sigrún Erla Sveinsdóttir forstöðumaður.

Björn Arnaldsson setti fundinn.

1. Formaður býður fundarmenn velkomna.
2. Bréf frá bæjarritara dags. 10.06.2024. Lagt fram til kynningar.
3. Sigrún kynnir erindi til bæjarstjórnar sem sent var vegna fjárhagsáætlunar fyrir 2025.
4. Formaður og forstöðumaður kynna framkvæmdir við nýja forstofu og stöðu framkvæmda og segja frá því sem eftir er að gera. Rætt um áætluð verklok.
5. Sigrún forstöðumaður fer yfir stöðuna í dag, starfsmannamál, fjárhag ofl, staðan er góð. 19 íbúar eru á heimilinu og biðlisti hefur lengst undanfarna mánuði er í dag um 20 manns bæði í dvalarrými og í hvíldarrými. Sigrún segir frá gjöfum sem heimilinu hafa borist. Læknamálin hafa verið í ágætu standi en hugmyndir eru uppi um breytingar.
6. Viðhald húsnæðis 2025. Björn og Sigrún fara yfir áætlað viðhald ársins. Það þarf t.d. að mála utanhúss og laga glugga og hurðar. Beðið er tilboðs vegna gólfduks, efnis og vinnu. Stefnt er að dúkalögn fljótlega eftir páska.
7. Önnur mál.
 1. Björn segir frá styrk frá Framkvæmdasjóði aldraðra.
 2. Sigrún segir frá bréfi þar sem beðið er um flutning á bátnum Svani þar sem ekki er pláss fyrir hann á Jaðri.
 3. Sigrún fer yfir þörf á endurnýjun tækja.
 4. Sigrún fer yfir verklag varðandi viðhaldsvinnu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14.30.

Fundargerð ritaði: Helga Valdís Guðjónsdóttir

Björn Arnaldsson
Helga Guðjónsdóttir
Hallgrímur Ottósson
Sigrún Sveinsdóttir